



Austur-Hérað – Fræðslu- og menningarráð

Lyngási 12 - Pósthólf 112 - 700 EGILSSTAÐIR - Sími 4700 700 - Fax 4700 701 - Kennitala: 510169-6119

Alþingi
Erindi nr. P 130/820
komudagur 21/1/2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum 19. janúar 2004

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um íslenska tákn málið – mál 374 og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska tákn málsins – 375. mál

Fræðslu- og menningarráð fjallaði um frumvörpin á fundi sínum 15. janúar sl. Við umfjöllunina var eftirfarandi bókað:

*Frumvarp til laga um um íslenska tákn málið **374. mál**
Fræðslu- og menningarráð Austur-Héraðs telur þarft framtak að skýra stöðu íslenska tákn málsins og þar með stöðu þeirra sem hafa það sem fyrsta tungumál. Augljóst er að ef frumvarpið verður samþykkt eins og það er lagt fram þá hlýst af mikill kostnaður, sem skv. t.d. 6. gr. mun falla á sveitarfélög landsins. Nauðsynlegt er að fram komi í greinargerðum með frumvörpum um lög sem hafa fjárhagsleg áhrif út fyrir þau svið sem falla beint undir fjárlög ríkisins að áætluð kostnaðaráhrif séu reiknuð og skilgreint hvernig gert sé ráð fyrir að þeim verði mætt.*

Sömu athugasemdir eiga jafnframt við 375. mál – sbr. t.d. 15. og 16. gr.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Vinsamlegast

Helga Guðmundsdóttir
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs